
ÁRSSKÝRSLA FÍLA 2018-2019

ÁRSSKÝRSLA FÍLA 2018-2019

lögð fram á 41. aðalfundi Félags íslenskra landslagsarkitekta

Fimmtudaginn 2. maí 2018 Sal Garðyrkjufélags Íslands – 108 Reykjavík

Efnisyfirlit

1.	Félagið og verkaskipting.....	4
2.	Stjórnarfundir FÍLA.....	7
3.	Fulltrúaráðsfundur FÍLA	7
4.	Félagsfundir FÍLA.....	7
5.	Norrænir fundir	8
6.	IFLA Alþjóðlegt samstarf	9
7.	Aðrir viðburðir	9
8.	Félagsmenn og nýliðun	9
9.	Námsmannastyrkur.....	10
10.	Samkeppnisreglur FÍLA og samkeppnismál.....	10
11.	Kynningarmál	10
12.	Samráð, samstarf og samskipti	11
13.	Verðlaun og viðurkenningar.....	12
14.	Hönnunarmiðstöð	13
15.	Framtíðarsýn og næstu verkefni	13
16.	Viðaukar:	14
I.	DAGSKRÁRNEFND FÍLA.....	15
II.	LAGANEFND FÍLA.....	16
III.	SAMKEPPNISNEFND FÍLA	17
IV.	MENNTANEFND FÍLA.....	18
V.	IFLA FULLTRÚI FÍLA OG ÁSKORUN IFLA VARÐANDI LOFTSLAGSMÁL.....	19
VI.	FULLTRÚI FÍLA Í HÖNNUNARMIÐSTÖÐ.....	23
VII.	ORÐANEFND FÍLA.....	27
VIII.	RITNEFNDARFULLTRÚAR FÍLA	28
IX.	GARÐSÖGUHÓPUR FÍLA.....	29
X.	SIÐANEFND FÍLA.....	31
XI.	40 ÁRA AFMÆLISNEFND FÍLA.....	32
XII.	FUNDARGERÐ FULLTRÚARÁÐSFUNDAR FÍLA.....	34
XIII.	REGLUR VARÐANDI LÖGGILDINGU, GREINARGERÐ FÍLA.....	37

Stjórn FÍLA

Fríða Björg Eðvarðsdóttir , formaður

Puríður Ragna Stefánsdóttir, ritari

Guðrún Birna Sigmarsdóttir gjaldkeri

Björk Guðmundsdóttir, meðstjórnandi

Svava Þorleifsdóttir, meðstjórnandi

1. Félagið og verkaskipting

Aðalfundur er æðsta vald í öllum málefnum félagsins.

A. Skipan stjórnar

Stjórn 2018-2019:

Fríða Björg Eðvarðsdóttir, formaður

Þuríður Ragna Stefánsdóttir, ritari

Guðrún Birna Sigmarsdóttir, gjaldkeri

Björk Guðmundsdóttir, IFLA fullrúi og meðstjórnandi

Svava Þorleifsdóttir, fulltrúi Hönnunarmiðstöðvar og meðstjórnandi

B. Fastanefndir – hlutverk, markmið og skipan starfsárið 2018-2019

Kallað var eftir skýrslum nefnda og eru þær sem bárust eru í viðauka aftast í skýrslu stjórnar.

Dagskrárnefnd:

Skipuleggja og sjá um faglegt innra starf félagsins. Setja upp dagskrá fyrir starfsárið og útvega gestafyrirlesara inn á félagsfundi ofl. tengt þeim.

Nefndina skipa:

Heiðar Smári Harðarsson

Marta María Jónsdóttir

Íris Reynisdóttir

Stefán Jónsson

Samkeppnisnefnd:

Annast tengslamál innan félagsins og utan og kynnir stöðu þess og störf landslagsarkitekta. Samkeppninefnd fer með umboð félagsins í samkeppnum á vegum þess.

Nefndina skipa:

Hlín Sverrisdóttir

Björn Ingi Edvardsson

Ólafur Melsted

Laganefnd:

Fjallar um breytingar á lögum FÍLA auk þess að fjalla um lagaleg erindi sem berast FÍLA og varðar lög og reglugerðir frá Alþingi og stofnunum samfélagsins.

Nefndina skipa:

Svanhildur Gunnlaugsdóttir

Arnar Birgir Ólafsson

Ingvar Ívarsson

Menntanefnd:

Nefndin fer með menntamál landslagsarkitektastéttarinnar, umsjón með inntöku nýrra félaga í FÍLA. Heldur tengsl við helstu menntastofnanir sem mennta landslagsarkitekta.

Nefndina skipa:

Sigurbjörg Ósk Áskelsdóttir
Ragnar Frank Kristjánsson
Elízabet Guðný Tómasdóttir

C. Nefndir um afmörkuð málefni.

Orðanefnd:

Safnar og setur í orðabanka fagorð á sviði landslagsarkitektúrs, er tengiliður FÍLA við Íslenska málstöð og Orðabók Háskólans.

Nefndina skipa:

Yngvi Þór Loftsson
Auður Sveinsdóttir
Áslaug Traustadóttir
Stefán Jónsson

Siðanefnd:

Fer með siðferðileg álitamál sem upp koma. Sker úr um ágreining samkvæmt ákvæðum siðareglna félagsins.

Nefndina skipa:

Þórólfur Jónsson
Erla Bryndís Kristjánsdóttir
Guðmundur Rafn Sigurðsson
Áslaug Traustadóttir

Afmælisnefnd:

Í tilefni af 40 ára afmælisári FÍLA.

Þórólfur Jónsson
Þuríður Ragna Stefánsdóttir
Jóhann Sindri Pétursson
Jón Rafnar Benjamínsson
Sif Hjaltdal Pálsdóttir

Ritnefnd árbókar

Sif Hjaltdal Pálsdóttir
Jóhann Sindri Pétursson
Þuríður Ragna Stefánsdóttir
Lilja Kristín Ólafsdóttir

Skoðendur reikninga FÍLA:

Samkvæmt lögum félagsins.

Skoðendur starfsárið 2018-2019:

Finnur Kristinsson
Þórólfur Jónsson

D. Vinnuhópar / verkefnastjórnun:

HönnunarMars 2019

Ekki var skipaður verkefnisstjóri FÍLA fyrir HönnunarMars 2019 á aðlfundi félagsins og var FÍLA ekki með sérstaka dagskrá þetta árið.

Netumsjón og heimasíðan

Ritari FÍLA sér um heimasíðu og netumsjón. Afmælisárið 2018 sá afmælisnefnd um að setja inn afmælistveðjur og fleira skemmtilegt.

Evrópski landslagssáttmálinn (ELC)

Tengiliður félagsins við stjórnvöld og opinberar stofnanir vegna kynningar á sáttmálanum.

Fulltrúar starfsárið 2018-2019:

Einar E. Sæmundsson
Auður Sveinsdóttir

Garðsöguhópur.

Vinnur að því að skapa grundvöll til rannsókna á sögu garðsins á Íslandi, heimildasöfnun og leit að fjármunum til að rita hana. Hefur samskipti við Minjastofnun varðandi varðveislu og friðun garða samkvæmt lögum um minjavernd.

Fulltrúar starfsárið 2018-2019:

Einar E. Sæmundsen
Ásta Camilla Gylfadóttir
Auður Sveinsdóttir
Arnar Birgir Ólafsson

Fulltrúar í ritstjórnnum.

Fulltrúi FÍLA í ritstjórn danska tímaritsins Landskab

Fulltrúar starfsárið 2017-2018:

Ulla R. Pedersen

E. Fulltrúar FÍLA í stjórnnum utan félags

IFLA - Fulltrúi

FÍLA hefur frá upphafi tekið þátt í alþjóðlegu samstarfi landslagsarkitektafélaganna, þ.e. IFLA Europe og IFLA International. IFLA-fulltrúi FÍLA er Björk Guðmundsdóttir og er hún tengiliður félagsins við IFLA og IFLA Europe. Situr samkvæmt lögum félagsins einnig sem meðstjórnandi í stjórn FÍLA.

Fulltrúi FÍLA í Hönnunarmiðstöðinni

Hönnunarmiðstöð Íslands var sett á laggirnar 15. janúar 2008. Hönnunarmiðstöð er sameiginlega í eigu hönnunarfélaganna á landinu. Mikil gróska hefur verið í starfsseminni frá stofnun þess. Fulltrúi FÍLA er Svava Þorleifsdóttir sem hefur séð um tengsl félagsins við Hönnunarmiðstöðina og situr jafnframt sem meðstjórnandi í stjórn FÍLA.

Sveinsprófsnefnd í skráðgarðyrkju við starfsmenntunarbraut LBHÍ

Hefur umsjón með undirbúningi og fyrirkomurlagi sveinsprófa.

Fulltrúi starfsárið 2018-2019:

Elízabet Guðný Tómasdóttir

Votlendisráð

Fulltrúi FÍLA í votlendisráði er Guðrún Birna Sigmarsdóttir.

2. Stjórnarfundir FÍLA

Haldnir voru sautján stjórnarfundir á starfsárinu (11 árið 2018 og 6 árið 2019). Á þessu starfsári var fundað oftast en að meðaltali síðustu ár. Það stafar m.a. að afmælisári. Stjórn tók sér þó gott fundarfrí í desember eftir útgáfu árbókar og sem fyrr var lítið fundað yfir sumartímann.

3. Fulltrúaráðsfundur FÍLA

Haldinn var fulltrúaráðsfundur 12. september og boðað fulltrúum fastanefnda og afmælisnefndar ásamt stjórnarmönnum. Gagnlegur fundur og tilgangi hans náð með að samræma starfsemi, setja línur fyrir dagskrárliði og stefnumál. Stjórnin hefur unnið með niðurstöður og skilgreint verkefni til úrlausnar.

“Formenn nefnda skipa fulltrúaráð FÍLA sem hittist einu sinni á ári með stjórn til þess að samræma starfsemi FÍLA. Nefndirnar skulu starfa samkvæmt starfsreglum sem stjórn FÍLA ákveður í samráði við viðkomandi nefnd. Starfsreglur skulu staðfestar á félagsfundum.”

Sjá nánar Fundargerð fulltrúaráðsfundar í viðhengi.

4. Félagsfundir FÍLA

Stjórn hefur lagt áherslu á að auka þann þátt í félagsstarfinu að bjóða til almennra félagsfunda með fræðslu og umræðu.

- **12. október 2018.** Félagsfundur haldinn á loftinu í Hönnunarmiðstöðinni með kynningu á verðlaunaverkefni frá Landslagi ehf. Þar kynntu Þráinn og Jón Rafnar umsóknarferli og aðdraganda að umsókn um Saxhól til Barba Rosa viðurkenningar.

- **9. nóvember 2018** útgáfu og afmælishóf á Kaffi Reykjavík. Dagskrárnefnd stóð fyrir útgáfuhófi þar sem Árbókin var kynnt og félagsmenn fengu eintök afhent. Til útgáfu og afmælishófs var boðið helstu velunnurum FÍLA og aðstandendum. Slegið var í tvær flugur og ákveðið að útgáfuhóf kæmi í stað hefðbundins jólafundar. Það voru Guðrún Birna og Marta María sem unnu að undirbúningi þessarar góðu veislu.
- **20. febrúar 2019.** Fagmorgunn haldinn í húsakynnum Landsvirkjunar um blágrænar ofanvatnslausnir. Þar tengdust FÍLA félaga víðsvegar um landið með fjarfundabúnaði og Oddur hélt kynningu sína á Selfossi og Ísafjörður sátu með þeim 20 félagsmönnum sem höfðu séð sér fært að mæta. Erindi voru frá Oddi, Fríðu Björg og Þórhildi þar sem þau sögðu frá verkefnum sem þau hafa unnið við þar sem blágrænar ofanvatnslausnir koma við sögu.
- **13. mars 2019,** Fagmorgunn haldinn í húsakynnum Verkís sem einnig var hægt að hlusta á í beinni útsendingu á Skype og þar var áfram fjallað um blágrænar ofanvatnslausnir. Mættir voru um 20 manns og voru einnig aðilar frá Akureyri, Ísafirði og Borgarfirði. Á þessum fundi fjölluðu Ólafur Gylfi og Dagný um verkefni sem þau hafa verið að vinna við, Dagný fjallaði um leiðbeiningar sem hennar fyrirtæki er að vinna fyrir borgina, leiðbeiningar um blágrænar lausnir. Ólafur Gylfi fjallaði m.a. um námskeið sem hann sótti um blágrænar ofanvatnslausnir.

Gert er ráð fyrir að erindi þessara funda verði gerð aðgengileg á lokaðri síðu félagsins og ritari tekur saman fróðleik sem gæti orðið vísir að fræðslubanka FÍLA.

5. Norrænir fundir

FÍLA var gestgjafi á stjórnarfundum norrænu landslagsarkitektafélaganna sem var haldinn dagana 2. -3. nóvember í Reykjavík.

Ellefu þátttakendur voru frá Danmörku, Noregi, Svíþjóð og Finnlandi en frá stjórn FÍLA voru þuríður Ragna ritari, Fríða Björg formaður og Hermann Georg sem fulltrúi í stjórn IFLA Europe. Mona Vesli er ritari samstarfsins. Fundurinn var haldinn á Óðinsgötu í sal Norræna félagsins á Íslandi. Dagskrá var hefðbundin, farið er yfir helstu verkefni stjórnar í hverju landi fyrir sig. Rætt var um sameiginleg málefni og sett upp verkefnadagskrá til næstu ára. Til upplýsinga eru alþjóðlegir fundir landslagsarkitekta eftirfarandi; IFLA Common Ground í Osló 2019, IFLA ársfundur og ráðstefna í Tyrklandi í október 2019, IFLA heimsráðstefna í Malaysiu 2020 og IFLA Europe í sept/október 2020 hér á Íslandi. Árið 2021 verður síðan IFLA fundur og ráðstefna haldinn samtímis í Stokkhólmi og Kenya.

Tekin var upp umræða um aðild Eistlands að samstarfi Norðurlandabjórðanna en sú tillaga var sett fram í Finnlandi á seinasta ári. Ekki tókst að fá endanleg afstöðu í málinu en ákveðið að þetta verði afgreitt á næsta stjórnarfundum.

Helstu samstarfsverkefni eru:

- Common Ground Osló 2019
- Tilnefningar til IFLA Sir Geoffrey Jellicoe verðlauna
- Stuðningur og tilnefningar til norrænna fulltrúa í IFLA
- Stuðningur og verkefnaval til að auka sýnileika IFLA
- Hugmyndir og stuðningur til Landskap vegna 100 ára útgáfunúmers
- Sameiginleg fagleg umræða

Í lok dags var þátttakendum, stjórn FÍLA auk heiðursfélögum boðið í kvöldverð í Snekkjuvog heim til formanns. Laugardaginn 3. nóvember var farið í skoðunarferð um Reykjavík með leiðsögn Áslaugar Traustadóttur, Þráins Haukssonar, Elíabetar Guðnýjar, Hermanns Georgs og Reynis Vilhjálmssonar. Farið var frá Hörpu um Hafnastræti, hafnarsvæðið og miðbæinn út í Þúfu. Keyrt á Kjarvalsstaði, Nauthólsvík og endað við Stórholt /Brautarholt.

6. IFLA Alþjóðlegt samstarf

IFLA General Assembly fundur var haldinn í Greenwich, London í byrjun september og sóttu formaður og IFLA fulltrúi fundinn að þessu sinni. Hermann Georg sat fundinn fyrir hönd IFLA Europe.

Næsti GA fundur í IFLA verður haldinn í Tyrklandi nú í haust og vinnur FÍLA síðan að undirbúningi svona stórvíðburðar, þ.e. ráðstefnu og GA fundar sem fyrirhugað er í lok september/október haustið 2020 í Reykjavík eða á Suðurnesjunum.

Sjá nánar skýrslu IFLA fulltrúa í viðauka.

7. Aðrir viðburðir

- Málsstofa með Minjastofnun, Garðar -lifandi minjar. Norræna húsinu 26. apríl 2018.
- Fyrirlestur Louise Fiil Hansen SLA Osló Haldið í Norræna húsinu 4. maí 2018 um framúrskarandi landslagsarkitektúr og borgarhönnun.
- 25. maí 2018 - Kíkt á kollega-opið hús hjá Landmótun þar sem möguleiki var að ljúka vinnuviku með einum bjór og taka þátt í faglegum umræðum með útsýni frá Hamraborginni.
- SAMGUS hélt alþjóðlega ráðstefnu í Hörpunni í ágúst með 93 þátttakendum. 15 FÍLAR voru á ráðstefnunni sem var mjög fróðleg og vel skipulögð. Þórólfur Jónsson var ráðstefnustjóri og formaður undirbúningshóps, Samson B Harðarson flutti erindi um yndisgróður, Þráinn Hauksson flutti erindi og formaður FÍLA var fundarstjóri.
- Útgáfuhóf og bókakynning á bók Einars E Sæmundssen *Að búa til ofurlítiinn skemmtigarð*, haldið í Grasagarðinum í Laugardal í byrjun október.
- 15. nóvember var FÍLA aðili að fræðsluerindi vegna útgáfu bókarinnar *Líf á milli húsanna* og bráðskemmtilegs og fróðlegs erindis Jan Gel, fundurinn var haldinn í Gamla Bíói og stjórnaði Þráinn Hauksson fyrirspurnum úr sal.
- 25. janúar tók FÍLA þátt í morgunfundi með Grænni byggð og hélt Áslaug Traustadóttir erindi um heilsuefliandi útisvæði. Morgunfundurinn var haldinn í sal Skipulagsstofnunar í Borgartúni.
- Design Diplomacy – á HönnunarMars var Dagný Bjarnadóttir gestur í norska sendiráðinu og hitti þar norska landslagsarkitektinn Tormod Amundsen. Tormod rekur teiknistofu í norður Noregi og á Írlandi en hann vinnur nær eingöngu að hönnun og verndun vistskerfa á norðlægum stöðum með verndun fuglalífs. Dagný og Tormod fylgdu leikreglum Disgn Diplomacy og svöruðu af fagmennslu á einlægum og opinskáan hátt.

8. Félagsmenn og nýliðun

Félagsmenn í FÍLA við lok starfsársins 2018-2019 eru 83 og 11 námsmenn eða samtals 94. Níu manns hafa sagt sig úr félaginu, þ.a þeir námsmenn.

Fjöldi fullgildra félagsmanna án undanþága er 71 (þ.e. þeir sem greiða C og D-gjald teljast ekki með í þeirri tölu og telst vera opinber fjöldi félagsmanna FÍLA innan IFLA). Neðargreindar upplýsingar hér í töflunni fyrir árið 2019 miðast við 24. apríl 2019.

Skipting:	2019	2018	2017	2016	
• A-gjald er fullt félagsgjald	67	68	69	67	félagsmenn
• B-gjald er 80% af fullu félagsgjaldi og um það geta sótt félagar sem eru búsettir í lengra en 100 km fjarlægð frá höfuðborgarsvæðinu.	4	5	4	4	félagsmenn
• C-gjald er 50% af fullu félagsgjaldi. Um það geta sótt: - félagar sem eru búsettir erlendis. - nýir félagar fyrstu tvö árin eftir útskrift. - félagar sem vegna sérstakra aðstæðna, sem stjórn telur gildar, hafa þörf fyrir lækkun árgjalds.	8	14	12	15	félagsmenn
• D-gjald er 20% af fullu félagsgjaldi og er fyrir námsmenn.	11	14	12	13	félagsmenn
• Heiðursfélagar og félagar 65 ára og eldri , er hafa verið a.m.k. 10 ár í félaginu, eru undanþegnir félagsgjaldi.	4	4	3	2	félagsmenn

Þrír nýir landslagsarkitektar sóttu um inngöngu í félagið á síðastliðnu starfsári og að auki sóttu þrír nýir aðilar um námsmannaaðild.

9. Námsmannastyrkur

Stjórn samþykkti umsókn Önnu Margrétar Sigurðardóttur um styrk sem tengist afmælisári FÍLA. Anna Margrét er í mastersnámi í landslagsarkitektúr í Kaupmannahöfn. Verkefni hennar fjallar um að eldast með náttúrinni og felst m.a. í rannsókn á hversu mikið eldri borgarar nýta græn útivistarsvæði. Skoðaðar eru leiðir til að gera útivistarsvæðin aðgengilegri og hvernig megi þróa samfélag ætlað eldri borgurum. Anna Margrét mun kynna verkefni sitt síðar á félagsfundi FÍLA.

10. Samkeppnisreglur FÍLA og samkeppnismál

Ein samkeppni var í gangi á starfsárinu eftir samkeppnisreglum FÍLA.

Samkeppnisnefnd vann að undirbúningi samkeppni um útsýnispall og aðkomusvæði á Bolafjalli. Ólafur Melsteð gengdi starfi trúnaðarmanns og í dómnefnd voru Ragnhildur Skarphéðinsdóttir skipuð af FÍLA og Úlla Rolf Pedersen fulltrúi samkeppnishaldara. 1. verðlaun hlaut Landmótun ehf ásamt Sei og Argos fyrir tillöguna *út á ystu nöf*.

Félag skipulagsfræðinga óskaði eftir tilefningu fulltrúa í val á skipulagsverðlaunum 2018 og tók Guðborg Guðmundsdóttir sæti í dómnefnd fyrir hönd FÍLA.

Sjá nánar skýrslu samkeppnisnefndar í viðauka og í kafla 13 Verðlaun og viðurkenningar.

11. Kynningarmál

Árbókin

Í tilefni af fjórtíu ára afmælis var ráðist í útgáfu á fyrstu árbók FÍLA. Ritstjórn árbókar sem skipuð var af Sif Hjaltdal Pálsdóttur, Jóhanni Sindra Péturssyni, Lilju Kristínu Ólafsdóttur og Þuríði Rögnu Stefánsdóttur sem unnu þrekvirki við að safna upplýsingum um verkefni félagsmanna og setja upp í fallega og læsilega bók. Árbókin er nú gefin út í fyrsta skipti en hugur stjórnar og ritnefndar er að slíkt rit beri að gefa út á nokkurra ára fresti og má segja að uppskriftin sé nú til og verkefni næstu árbókar öll á teikniborðum félagsmanna. Árbókin er ákveðin leið til að kynna fagið og sýna nokkur af bestu verkefnum félagsmanna, íslenskan landslagsarkitektúr sem ber orðstýr félagsins gott merki. Enn eru til eintök af Árbókinni og félagsmenn kvattir til að dreifa henni sem víðast til væntanlegra viðskiptavina.

Sjá nánar skýrslu samkeppnisnefndar í viðauka og í kafla 13 Verðlaun og viðurkenningar.

Heimasíða FÍLA

Heimsíðan er lykill að upplýsingum um hvað félagið hefur að bjóða bæði almennum notanda og félagsmönnum. Ritari FÍLA hefur séð um að koma fréttum og málefnum þar inn. Ekkert hefur verið gert til að breyta eða bæta hana og ljóst að það eru hægt að nýta síðuna enn frekar og auka upplýsingaflæði til félagsmanna.

FÍLAfréttir

Stjórn hefur sent félagsmönnum tvö fréttabréf á starfsárinu undir yfirskriftinni FÍLAfréttir. Í FÍLAfréttum er dagskrá og fréttir af félagsstarfi og öðrum viðburðum.

Facebooksíða FÍLA

Facebooksíða er virk og setja félagsmenn þar fréttir og tilkynningar. Þar geta allir sett inn tilkynningar og efni skylt faginu og facebookin er lifandi miðill sem er hægt að nota, en á þó ekki að koma í stað heimasíðu.

Ritnefndafulltrúar FÍLA og tímarit um hönnun og arkitektúr HA

Á árinu 2018 voru gefin út 2 tölublöð. Formenn aðildarféлага í Hönnunarmiðstöð hafa verið með útgáfu HA undir ströngu eftirliti og aðhaldi. Tímaritið hefur ekki yfir að ráða föstum starfskröftum og nýr ritstóri kemur að útgáfunni með öðrum hætti. Gerðar hafa verið ýmsar breytingar og hugsað til sparnaðar. Hvert tímarit er gefið út sjálfstætt. Gert ráð fyrir að aðildafélög taki ákvörðun um áframhald eftir hverja útgáfu sem byggi á rekstrartölum.

Framtíðarsýn aðildarfélaganna er að HA verði áfram metnaðarfullt tímarit þar sem fjallað verði um hönnun og arkitektúr.

12. Samráð, samstarf og samskipti

• Atvinnu-og nýsköpunarráðuneyti

Lokið var við og fylgt eftir reglum um kröfur varðandi undirbúning og umsókn til löggildingu í samráði við atvinnu- og nýsköpunarráðuneytið.

Sjá nánar í viðauka, reglur og greinargerð stjórnar

Bréf garðsöguhóps til nefndarsviðs Alþingis – Einar og Auður mættu á fund i ráðuneytinu vegna skógræktarlaga.

• Samvinna AÍ og FÍLA

Haldinn var sameiginlegur fundur með stjórn AÍ og FÍLA. Rætt var um helstu sameiginlegu viðfangsefni. Sérstakur fundur var haldinn í kjölfar með fulltrúum úr samkeppnisnefndum félaganna. Sameiginleg

viðfangsefni eru Hönnunarmars, umfjöllun og greinar um arkitektúr og landslagsarkitektúr í HA. Rætt var um sameignilega kynningu félaganna út á við og að hafist yrði handa við undirbúning sameiginlegrar ráðstefnu.

• **Samvinna LBH og FÍLA**

Formaður og Hermann Georg sóttu haustfund á Hvanneyri og kynningar á nemendaferð um Amsterdam. Formaður kynnti FÍLA og sagði frá félagsstarfi og verkefnum. Þrír nýir félagsmenn í námsmannaaðild bættust í hópinn.

Kynning rektorskandídata á Hvanneyri. Hagsmunaaðilum var boðið að taka þátt í forvali á rektorskandidötum, þar sem þau kynntu sig og sátu fyrir svörum, þau Ragnhildur Þórarinsdóttir og Snorri Baldursson. Tveir framúrskarandi fulltrúar sem báðir hafa nú verið ráðnir til skólans, Ragnhildur í rektorsstöðu og Snorri sem deildarforseti auðlinda- og umhverfisdeildar.

Stjórn hefur fundað með brautarstjóra vegna undirbúnings LBHÍ að viðurkenningu á námi umhverfisbrautar sem grunnnámi í landslagsarkitektúr.

- **Grænni byggð og FÍLA.** Fundað með framkvæmdastjóra Grænni byggð þar sem lagðar voru línur um áhugaverð efni sem tengja fagsviðinu. Sjá morgunfund um Heilsuefandi umhverfi.
- **GÍ, skruðgarðyrkjumeistarar** - fundur hjá Garðyrkjufélagi Íslands um blágrænar ofanvatnslausnir og uppbyggingu innan félaganna tengt fagumhverfi utan um blágrænar regnvatnslausnir.
- **Fagræð votlendissjóðs.** Í fagræði votlendissjóðs sitja Bjarni Jónsson – framkvæmdastjóri votlendissjóðs, Borgþór Magnússon – Náttúrufræðistofnun Íslands, Jón Haukur Steingrímsson – EFLA, Tómas Grétar Gunnarsson – Rannsóknasetri Háskóla Íslands á Suðurlandi, Sunna Áskellsdóttir – Landgræðsla ríkisins og Guðrún Birna Sigmarsdóttir – Félag íslenskra landslagsarkitekta.

Fundað hefur þrisvar sinnum í ár. Hlutverk ráðsins er að fara yfir verk- og vinnulag við afgreiðslu landsvæða til endurheimtar votlendis, meta hvort tiltekin landsvæði henti til endurheimtar, útbúa verklýsingar fyrir framkvæmdaraðila og vera votlendissjóði til halds og trausts um faglegar upplýsingar og ákvarðanir er varða endurheimt votlendis.

Verkefnin eru að ýmsum stærðargráðum, víðsvegar um land. Dæmi má nefna Norðfjörð, Bessastaði, Laxárdal, Önuðarfjörð og Hafnafjörð.

13. Verðlaun og viðurkenningar

- Teiknistofan Landslag ehf hlaut ein virtustu verðlaun sem veitt eru í landslagsarkitektúr, hin alþjóðlegu Rosa Barba Landscape Prize. Verðlaunin fékk fyrirtækið fyrir hönnun á tröppustíg upp á Saxhól í Þjóðgarðinum Snæfellsjökli.
- Hlín Sverrisdóttir var með Tark arkitektum í verkhóp sem hlaut innkaup í samkeppni um stjórnarráðsreitinn..
- Landmótunm ehf ásamt Sei og Argos hlutu 1. verðlaun fyrir tillöguna út á ystu nöf í samkeppni um útsýnispall og aðkomusvæði á Bolafjalli.
- Valin voru þrjú myndræn verkefni landslagsarkitekta til að prýða frímerki sem eru hluti frímerkjaraðar um íslenska hönnun. Í frímerkjaröðinni eru tekin fyrir myndefni frá öllum aðildarfélagum Hönnunarmiðstöðvar.

Á myndrænan hátt prýðir Saxhóll, verkefni Landslags ehf eitt af frímerkjunumi, Brimketill verkefni Landmótunar ehf er á öðru og útisvæði DLD design við Braggann í Nauthólsvík það þriðja.

14. Hönnunarmiðstöð

Hönnunarmiðstöð er kynningar- og upplýsingamiðstöð fyrir íslenska hönnun á Íslandi og erlendis. Svava Þorleifsdóttir er fulltrúi FÍLA í stjórn miðstöðvarinnar. Sjá nánar skýrslu fulltrúa FÍLA í Hönnunarmiðstöð.

Sjá nánar skýrslu fulltrúa í Hönnunarmiðstöð og samning við Hönnunarmiðstöð í viðauka.

15. Framtíðarsýn og næstu verkefni

Common Ground - almannaréttur - Alþjóðaráðstefna í Osló

Blágræanr ofanvantslausnir- faghópur. Þrýstihópur á söluaðila og framleiðendur. Sameiginlegur fundur og /hugmyndir um ráðstefnu með græna geiranum um uppbyggingu, rekstur blágrænna ofanvatnslausna.

Innra félagsstarf- geymsla gagna, virkni stjórnar og nefnda. Starfskraftar í utanumhald s.s undirbúning fyrir ráðstefnur og fræðsluerindi

Útgáfa leiðbeiningarrits vegna verndur lifandi minja

2020 IFLA ráðstefna á Íslandi

Kynning á faginu út á við - þörf á frekari nýliðun

16. Viðaukar:

Skýrslur nefnda og vinnuhópa:

- I. Dagskrárnefnd
- II. Laganefnd
- III. Samkeppnisnefnd
- IV. Menntanefnd
- V. IFLA-fulltrúi og áskorun IFLA varðandi loftslagsmál
- VI. Fulltrúi FÍLA í Hönnunarmiðstöð
- VII. Orðanefnd
- VIII. Ritnefndarfulltrúar FÍLA
- IX. Garðsöguhópur FÍLA
- X. Siðanefnd
- XI. 40 ára afmælisnefnd
- XII. Fundargerð fulltrúaráðsfundar
- XIII. Reglur varðandi löggildingu, greinargerð FÍLA
- XIV. Samningur FÍLA við Hönnunarmiðstöð

I. DAGSKRÁRNEFND FÍLA

Skýrsla fyrir starfsárið 2018-2019

II. LAGANEFND FÍLA



Skýrsla fyrir starfsárið 2018-2019 vegna aðalfundar 2. maí 2019

Hlutverk nefndarinnar er að fjalla um breytingar á lögum FÍLA auk þess að fjalla um lagaleg erindi sem berast FÍLA og varða lög og reglugerðir frá Alþingi og öðrum stofnunum samfélagsins. Starfsárið 2018-2019 skipuðu nefndina Ingvar Ívarsson formaður, Svanhildur Gunnlaugsdóttir og Arnar Birgir Ólafsson.

Nefndinni bárust tvö lagafrumvörp til umagnar á starfsárinu. Einnig vann nefndin tillögu að breytingu á lögum félagsins varðandi aðild að Myndstefi - Myndhöfundasjóði Íslands. Breytingin verður lögð fyrir aðalfundinn 2019. Einnig er í skýrslu þessari farið yfir eftirmála tillögu að breytingu á lögum félagsins varðandi námsmannaaðild sem var tekin fyrir á aðalfundinum 2018.

- Í maí 2018 barst nefndinni erindi um að fara yfir tillögu að breytingu á lögum um mat á umhverfisáhrifum, nr. 106/2010 með síðari breytingum. Með lagabreytingunni er heimild almennings til að skjóta málum til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála rýmkuð. Það varðar mál þar sem framkvæmdaraðilar eða stjórnvöld (Skipulagsstofnun, sveitarfélög eða aðrir leyfisveitendur) hafa ekki sinnt tilteknum skyldum sem tilgreindar eru í lögnum og varða meðal annars kynningu mála fyrir almenningi. Það getur til dæmis átt við ef ákvarðanir eða frummatsskýrslur hafa ekki verið kynntar með fullnægjandi hætti. Lagabreytingin er gerð til að uppfylla skyldur Íslands samkvæmt 11. gr. tilskipunar 2011/92/ESB um mat á umhverfisáhrifum. Nefndin gerði ekki athugasemdir við breytingartillöguna.
- Í desember 2018 barst nefndinni erindi um að fara yfir tillögu að breytingu á lögum um mannvirki, nr. 160/2010 með síðari breytingum. Markmið breytingartillögunnar er að sú skylda er lögð á mannvirkjahönnuði að gera ráð fyrir hleðslu rafbíla við ákveðinn lágmarksfjölda bílastæða við annað húsnæði en íbúðarhúsnæði, sbr. 27. gr., en kröfur er varða íbúðarhúsnæði eru nú þegar til staðar í reglugerðinni. Nefndin gerði ekki athugasemdir við breytingartillöguna.
- Laganefndin vann í mars 2019 tillögu að breytingu á lögum félagsins sem tekin verður fyrir á næstkomandi aðalfundi félagsins. Tillagan snýst um að bæta við ákvæði um aðild að Myndstefi í lögin og er lagt til að eftirfarandi verði bætt inn sem 2. mgr. í 14. greinina hjá okkur (undir „D. Stjórn og aðild að öðrum samtökum“): „Allir fullgildir félagsmenn FÍLA verða sjálfkrafa félagsmenn í samtökunum Myndstefi - Myndhöfundasjóði Íslands. Tilgangur samtakanna er að fara með höfundarétt félagsmanna vegna opinberra endurbirtinga og sýninga á verkum þeirra og stuðla að almennri höfundaréttargæslu“.
- Laganefndin vann í mars 2018 tillögu að breytingu á lögum félagsins sem tekin var fyrir á aðalfundi félagsins 17. apríl 2018. Breytingin snéri að 4. gr. laganna um námsmannaaðild en lagt var til að hámarkstími námsmannaaðildar yrði 7 ár frá upphafi náms en að hægt yrði að óska eftir lengri námsmannaaðild með skriflegri beiðni og rökstuðningi.

Töluverðar umræður sköpuðust um tillöguna á aðalfundinum og í ljósi þess að vöntun er á nýliðun í félaginu var rætt um að vinna þyrfti málið betur. Kom fram tillaga um að draga til baka tillögu um lagabreytingu og að unnin yrði greinargerð um stöðu nema í félaginu. Kosið var um það og samþykkt með 19 atkvæðum en 3 voru á móti.

Akureyri, 2. apríl 2019, fyrir hönd laganefndar
Ingvar Ívarsson, formaður laganefndar FÍLA

III. SAMKEPPNISNEFND FÍLA

Skýrsla Samkeppnisnefndar FÍLA starfsárið 2018-2019.

Nefndarskipan: Á síðasta aðalfundi gekk Björn Edvaldsson í nefndina í stað Ingu Rutar Gylfdóttur en Ólafur Melsted og Hlín Sverrisdóttir (formaður) störfuðu áfram í nefndinni á starfsárinu.

Verkefni nefndarinnar: Ein samkeppni var haldin á starfsárinu sem var Hugmyndasamkeppni um útsýnispall á Bolafjalli sem haldin var í samstarfi með Bolungarvíkurkaupstað. Um var að ræða einskonar örsamkeppni þar sem óskað var eftir umsóknum þverfaglegra teyma með nokkrum skilyrðum, þ.á.m. að hvert teymi yrði skipað landslagsarkitekt. Þrjú teymi voru valin handahófskennt úr potti fimmtán teyma sem uppfylltu skilyrði samkeppninnar. Undirbúningur stóð yfir síðasta sumar og voru úrslit samkeppninnar kunngjörð í byrjun árs 2019 þar sem kom í ljós að vinningshafar voru teymi Landmótunar, Sei og Argos. Fyrir hönd FÍLA var Ragnhildur Skarphéðinsdóttir fulltrúi í dómnefnd en einnig átti Ulla Roftsigne Pederson sæti í dómnefndinni.

Um var að ræða ákveðna tilraun að halda minni samkeppni þar sem fjármagn til samkeppnihalds er að skorum skammti. Þótti samkeppnin takast ágætlega þótt einhverjir gagnrýndu skilyrði keppninnar. Samkeppninefnd telur sig hafa lært ýmislegt á því að halda þessa samkeppni og telur að fyrirkomulagið geti hentað í mörgum tilvikum.

Önnur aðkoma félagsmanna að samkeppnum fyrir hönd félagsins var að Ólafur Melsted var skipaður sem fulltrúi FÍLA í hugmyndasamkeppni um uppbyggingu á stjórnarráðsreit. Hermann Georg Guðlaugsson sem áður hafði verið skipaður fulltrúi félagsins þurfti að víkja vegna reglna um tengl keppenda og dómnefndarmanna.

Samkeppnisnefndin hélt nokkra fundi á árinu og mun eftir sem áður halda áfram að vakta það sem er í gangi og skoða alla möguleika á því að koma að samkeppnum fyrir hönd FÍLA.

Samkeppnisnefnd

IV. MENNTANEFND FÍLA

Skýrsla fyrir starfsárið 2018-2019

V. IFLA FULLTRÚÍ FÍLA OG ÁSKORUN IFLA VARÐANDI LOFTSLAGSMÁL

SKÝRSLA IFLA FULLTRÚA 2018-2019

Dags. 14.04.2019

IFLA EUROPE

Aðalfundur IFLA Europe var haldinn 6.-9.september í London, Bretlandi og tveggja dagaradstefna var haldin í tengslum við aðalfundinn eins og oft áður. Yfirskrift *Pecha Kucha* örerinda frá IFLA fulltrúunum var „*Valuing Landscape: Connecting people, place and nature*“.

IFLA fulltrúi FÍLA, Björk Guðmundsdóttir sótti fundinn, ásamt formanni FÍLA Fríðu Björgu Eðvarsdóttur og Hermanní Georgi Gunnlaugssyni sem gegnir embætti *Vice President of Professional Practice* fyrir IFLA Europe. IFLA fulltrúar á fundinum voru um 34, auk 8 ExCp og meðlimir Communication, um 50 einstaklingar á vegum IFLA og vinnuhópa, samtals um 92 í London. Aðalfundurinn stóð yfir í tvo daga og niðurstaðan var að ársreikningur félagsins var neikvæður og helstu ástæður þess eru meiri fjárfestingar í verkefnum s.s. heimasíðu, starfsmaður skrifstofu (Executive Secretary and full-time employment), meiri umsýslukostnaður og hækkun gjalda til IFLA World. Ályktun aðalfundarins 2018 snérist um áskoranir í loftslagsmálum (Climate challenges) og sjá má á heimasíðu IFLA Europe <http://iflaeurope.eu/wp-content/uploads/sites/2/2015/03/2018-IFLA-EU-Resolution-Climate-Change-signed.pdf>, einnig var skjalið þýtt á íslensku og helstu áherslupunktur eru:


LOFTSLAGSÁSKORANIR

Þar var m.a. fjallað um að loftslagsbreytingar hafi aukist og að landslagsarkitektar hafi góða þekkingu á umhverfis-, félags- og efnahagslegum þáttum til að koma með lausnir sem hafa landslag að leiðarljósi. Þar segir m.a. „Við trúum að landslagsarkitektar hafi þjálfun, reynslu og sérþekkingu til að gegna lykilhlutverki í að takast á við alþjóðlegu áskoranir og að landslagsarkitektar vinna náið með náttúru og umhverfi og nýjustu tækni til að lágmarka loftslagsbreytingar og áhrif þess á landslag.“ Einnig hvetja þau til að Evrópuráðið, Evrópusambandið og öll aðildarríki IFLA í Evrópu til að stuðla að alhliða landslagsstefnu í ákvörðunarferli; heildræna sýn um menningarlegt, félagslegt, stjórnmálalegt, umhverfislegt og efnahagslegt jafnvægi utan stjórnmálaflokka. Til dæmis með því að meta umfang loftslagsbreytinga og koma í veg fyrir hættuástand, að rannsaka orkuskilvirkt landslag og vistfræðileg kerfi, að tryggja að umhverfisleg viðmiðið séu í hönnun og skipulagsgerð, að samþætta loftslagsbreytingar inn í verkefni, að þróa stefnumarkandi aðferðir og mótvægisáðgerðir til að lágmarka neikvæð áhrif með því að skipuleggja og útfæra betri orkuskipti og skipuleggja landnotkun til að auka bindingu á koltvísýring, og að viðleitni til takmarka loftslagsbreytingar og verði að forgangi í pólitískri stefnu.

Nokkrir vinnuhópar eru í gangi hverju sinni og hægt er að nálgast upplýsingar á heimasíðu IFLA og ef einhverjir félagsmenn FÍLA hafa áhuga á að taka þátt í starfi IFLA með því t.d. að starfa með vinnuhópum þá er margt í boði og viðkomandi hvattur til að setja sig í samband við IFLA fulltrúa FÍLA. Í vinnuhópunum er algengt að þar séu einstaklingar sem starfa á mismunandi sviðum IFLA. Eitt af því sem IFLA Europe leggur áherslu er að auka sýnileika fagsins í ýmsum verkefnum á alþjóðavísu. Má þar nefna verkefni eins og **No net loss** og **Green infrastructure** hjá Evrópuráðinu http://ec.europa.eu/environment/nature/biodiversity/nnl/index_en.htm og http://ec.europa.eu/environment/nature/ecosystems/index_en.htm.

ELC þegar haldnir eru fundir eða ráðstefnur um þessi málefni hjá Evrópuráðinu sendir IFLA fulltrúa sinn til að mæta og tala fyrir málefni landslagsarkitekta. Nánar má lesa um fréttir frá Evrópska landslagssáttmálinn og ELC hér <http://www.coe.int/en/web/landscape/-/9th-council-of-europe-conference-on-the-european-landscape-convention>.

Professional Qualification Directive (PQD) (Professional practice requirements and Educational possibilities): Áfram er unnið að því að fá fagið samþykkt hjá Evrópusambandinu. Verkefninu miðar hægt áfram en Evrópusambandið gerir kröfu um að til að starfsheitið sé lögverndað og það þurfi a.m.k 10 lönd (EU/EC level) að hafa það lögverndað. Það er nokkuð í að sá árangur náist.



<http://iflaeurope.eu/professional-practice/strategic-objectives-projects/professional-qualifications-directive-pqd/>

PREP Survey er í vinnslu hjá samtökunum, verið er að klára spurningarkönnun, taka saman og stefnt er á gefa út niðurstöður um lagalega stöðu og menntun í faginu í Evrópu. IFLA Europe óskaði eftir að fá siðalög FÍLA þýtt á ensku fyrir aðrar þjóðir sem gagnabanka, FÍLA lét þýða lögin og sendi til IFLA.

IFLA EU Exhibition verkefnið fór af stað af tilstuðlan Urszula Forczek Brataniec. Það innifelur safn af áhugverðum verkum landslagsarkitekta í Evrópu. Sýningin hefur að geyma 61 verkefni frá 24 löndum. Sýningin var opnuð fyrst í London í september í tengslum við GA. Síðan þá hefur sýningin farið til Hollands og mun síðan verða sýnd í Belgíu, Tékkóslóvakíu, Ungverjalandi, Frakklandi og Ítalíu, til að fræðast meira um verkefnið sjá <http://iflaeurope.eu/ifla-europe-projects/ifla-europe-exhibition-project/>

SCAPEWORLD er vettvangur fyrir háskólanema í landslagsarkitektúr og er einnig hugsaður fyrir unga fagaðila, almenning og alla þá sem eru áhugasamir um landslagsarkitektúr, sjá nánar <http://iflaeurope.eu/ifla-europe-projects/scapeworld/>

Félagsmenn eru hvattir til að skoða heimasíður IFLA og undir síðu IFLA Europe en þar eru settar reglulegar fréttir um hvað er að gerast í samtökunum, upplýsingar um alþjóðlegar ráðstefnur, hvers kyns viðburði og samkeppnir: <http://iflaonline.org/> og <http://iflaeurope.eu>.

Næsti aðalfundur **IFLA Europe 2019** er 7-10.nóvember 2019, í Antalya í Tyrklandi, boðið verður uppá ráðstefnu sem er opin öllum. Jafnframt eru félagsmenn hvattir til að mæta á næsta **IFLA World Congress 2019** í Noregi, Osló dagana 18-20.september sjá nánar, <https://www.ifla2019.com/>, þemað er „*Common Ground*“.

Fyrirhugaðar ráðstefnur á næstu árum eru:

<u>IFLA World</u>	<u>IFLA EUROPE</u>
2019 Oslo, Norway	2019 Tyrkland
2020 Malaysia	2020 Ísland
2021	
2022 Gwangju, Korea	

Aðalstyrktaraðili IFLA Europe var Van der Berk og Hunter Industries. Aðildarlönd IFLA Europe styrkja The Landscape Architecture Europe Foundation (LAE) sem er verkefni stofnað af EFLA á sínum tíma. Meginmarkmiðið er að gefa út bækur um Evrópskan landslagsarkitektúr. Nánar má lesa um verkefnið og panta bækur á heimsíðunni: <https://www.landscapearchitectureeurope.com/>. Fimmta bókin var gefin út 2018.

Í stjórn FÍLA Europe sitja Tony Williams formaður (President), Ana Luengo Añon, Marc Claramunt gjaldkeri (Treasurer) og Urszula Forchek-Brataniec ritari (Secretary general). Aðrir formenn nefnda eru; Hermann Georg Gunnlaugsson fagnefnd (Vice President Professional Practice), Laure Aubert samskiptanefnd (Vice President Communication) og Emilia Weckman menntanefnd (Vice-President for Education).

Hafinn er undirbúningur fyrir GA2020 á Íslandi og hefur vinnuhópurinn fundað þrisvar sinnu. Í hópnum sitja Björk Guðmundsdóttir, Fríða Björg Eðvarsdóttir, Hermann Georg Gunnlaugsson og Þórhildur Þórhallsdóttir.

Myndir frá aðalfundinum í London 2018.



VI. FULLTRÚI FÍLA Í HÖNNUNARMÍÐSTÖÐ

Hönnunarmiðstöð Íslands 2018-2019

Hönnunarmiðstöð Íslands er kynningar- og upplýsingamiðstöð fyrir íslenska hönnun á Íslandi og erlendis. Meginhlutverk Hönnunarmiðstöðvar er að efla skilning þjóðarinnar á mikilvægi hönnunar fyrir samfélagið og íslenskt efnahagslíf og benda á þá miklu verðmætasköpun sem getur falist í íslenskri hönnun fyrir þjóðfélagið allt. Hönnunarmiðstöð stuðlar að framgangi Íslenskra hönnuða erlendis, enda eru þar stór tækifæri fyrir íslenska hönnun og framleiðsluvörur.

Hönnunarmiðstöðin heldur utan um Hönnunarmars, HA – tímaritið, Hönnunarsjóðinn og Hönnunarverðlaun Íslands auk þess sér hún um fagráðstefnu tengda Hönnunarverðlaununum og SmallTalks fyrirlestrarröðina.

Árið 2018 var ellefta starfsár Hönnunarmiðstöðvar Íslands. Rekstur Hönnunarmiðstöðvar er í stöðugri endurskoðun og áhersla er lögð á að félögin geta tekið virkari hlutdeild í uppbyggingu Hönnunarmiðstöðvarinnar. Árið 2019 mun vinna við nýja heimasíðu Hönnunarmiðstöðvar hefjast. Félög Hönnunarmiðstöðvar taka virkan þátt í þeirri vinnu.

Hönnunarverðlaun Íslands 2018

Hönnunarverðlaunum Íslands er ætlað að vekja athygli á mikilvægi og gæðum íslenskrar hönnunar og arkitektúrs. Verðlaunin eru mikilvægur liður í að beina sjónum að því besta sem gert er á sviði hönnunar og arkitektúrs á Íslandi um leið og einstaka hönnuðum eða hópum hönnuða er veitt mikilvæg viðurkenning. Hönnunarmiðstöð Íslands stendur að verðlaununum, í samstarfi við Hönnunarsafn Íslands, Listaháskóla Íslands, Landsvirkjun og Samtök iðnaðarins.

Hönnunarverðlaun Íslands voru veitt í fimmta sinn við hátíðlega athöfn á Kjarvalstöðum föstudaginn 2.nóvember. Verðlaunaafhendingin fór fram við hátíðlega athöfn á Kjarvalstöðum en forsætisráðherra Íslands Katrín Jakobsdóttir, afhenti verðlaunin.

Basalt arkitektar hlutu Hönnunarverðlaun Íslands 2018 fyrir arkitektúr í íslenskri baðmenningu en þeir hafa lagt ríkulega til þróunar baðstaða og baðmenningar á Íslandi. Nýustu dæmin eru The Retreat við Bláa Lónið í samstarfi við Design Group Italia og GeoSea sjóböðin á Húsavík.

Lava Center á Hvolsvelli hlaut viðurkenningu fyrir bestu frjárfestingu í hönnun 2018, en til sýningarinnar voru ráðnir framúrskarandi hönnuðir á sviði margmiðlunar og arkitektúrs. Basalt arkitektar hönnuðu bygginguna en sýningin er samstarfsverkefni Gagarín og Basalt arkitekta. Útkoman er skýrt dæmi um þá verðmætasköpun sem góð hönnun felur í sér.

Í forvali dómnefndar voru eftirfarandi tilnefndir; Snæfríð og Hildigunnur fyrir bækur í áskrift fyrir angústúru forlag. Björn Stinar Blumenstein fyrir catch of the day og PKDM arkitektar og teiknistofan Storð fyrir Norðurbakka.

Hönnunarsjóður

Hönnunarsjóður heyrir undir atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið og er tekjustofn hans árlegt framlag sem Alþingi ákveður á fjárlögum. Hönnunarmiðstöð Íslands fer með umsýslu sjóðsins. Hlutverk Hönnunarsjóðs er að efla þekkingu og atvinnu- og verðmætasköpun á sviði hönnunar og arkitektúrs með fjárhagslegum stuðningi og ráðgjöf. Sjóðurinn styrkir jafnframt kynningar- og markaðsstarf erlendis.

Sjóðurinn úthlutaði 50 milljónum króna og voru úthlutanirnar fjórar árið 2018. Að þessu sinni úthlutaði sjóðurinn 19 milljónum til 19 verkefna og 1 milljón í ferðastyrki til 9 aðila.

Núverandi stjórn hönnunarsjóðs skipa: Birna Bragadóttir formaður, Stefán Snær Grétarsson varaformaður, Rína Thors, Guðrún Inga Ingólfssdóttir og Þráinn Hauksson.

HönnunarMars 2019

HönnunarMars sameinar allar greinar hönnunar; fatahönnun, arkitektúr, húsgagna-og innanhússhönnun, grafíska hönnun og vöruhönnun. Viðburðir hátíðarinnar eru skipulagðir af íslenskum hönnuðum og arkitektum, en þátttakendur hátíðarinnar telja um 400 ár hvert. Á meðal viðburða ár hvert eru sýningar, fyrirlestrara, upptökur og innsetningar.

HönnunarMars fór fram í ellefta sinn dagana 28.-31. mars 2019. Opnun HönnunarMarsins var haldin 28.mars í Listasafni Reykjavíkur. DesignTalks ráðstefnan var haldin fimmtudaginn 28.mars í Hörpu. Ráðstefnan markar upphaf HönnunarMars og er nokkurnskona uppskeruhátíð hönnuða og arkitekta. Árið 2019 varpaði DesignTalks ljósi á hlutverk og áhrifamátt hönnunar á tímum stórfelldra breytinga í heiminum og leggur til að „eina leiðin sé upp!“. Katrín Jakobsdóttir forsætisráðherra setti DesignTalks 2019 og var ráðstefnan skipulögð af Hönnunarmiðstöð Íslands. Dagskrárstjórn var í höndum Hlínar Helgu Guðlaugsdóttir.

Árið 2019 var þriðja árið í röð þar sem erlendir sendiherrar bjóða hönnuðum frá sínum heimalöndum að taka þátt í opnu samtalið við íslenska kollega á HönnunarMars. Sendiherrarnir opna dyrnar að heimilum sínum og veita gestum einstakt tækifæri til þess að hitta hönnuði og sækja sér innblástur.

Engin sýning var á vegum FÍLA fyrir HönnunarMars 2019.

HA- tímarit

HA er tímarit um íslenska hönnun og arkitektúr. Í ritinu er fjallað um allt frá sköpunarverkum ungra og upprennandi hönnuða yfir í helstu afrek arkitekta. Ritið ristir undir yfirborðið og skoðar hugsjónir og aðferðir hönnuða sem móta umhverfi okkar og komandi kynslóða.

HA-tímarit var gefið út tvisvar á árinu 2018. Tölublað nr. 7 kom út vorið 2018 og tölublað nr. 8 kom út um haustið 2018. Ritstjóri HA er María Kristín Jónsdóttir og í ritstjórn sitja Garðar Snæbjörnsson, María Rán Guðjónsdóttir ásamt Þorleifi Gunnari Gíslasyni.



Reykjavík, 16. janúar 2018

Samningur félaga hönnuða og arkitekta við Hönnunarmiðstöð Íslands um framlag til uppbyggingar og reksturs miðstöðvarinnar

Aðilar samnings

Félag XXX

Hönnunarmiðstöð Íslands kt. 460208-0170

Markmið samningsins

- 1.1. Efla Hönnunarmiðstöð sem sameiginlegan vettvang hönnuða og arkitekta á Íslandi sem vinnur að framgangi og vexti greinanna í atvinnulífi, samfélagi og menningu
- 1.2. Styðja við og efla samtal á milli greina hönnunar og arkitektúrs við stjórnvöld og fyrirtæki
- 1.3. Efla þjónustu Hönnunarmiðstöðvar Íslands við eigendur sína (félögin), og vinna að því að samræma þjónusta og gæði sem félagar eiga kost á.
- 1.4. Auka hagræði og samnýta fjármagn í ýmsum verkefnum eins og á vefjum og miðlum.
- 1.5. Félögin taka með beinum hætti þátt í kostnaði við uppbyggingu Hönnunarmiðstöðvar og staðfesta þar með mikilvægi og virka hlutdeild

2. Hönnunarmiðstöð Íslands stendur fyrir og rekur

- 2.1. Upplýsinga- og kynningarmiðstöð um hönnun og arkitektúr
- 2.2. Þjónusta og ráðgjöf við hönnuði og arkitekta, fyrirtæki og stjórnkerfi
- 2.3. Upplýsingavefi
- 2.4. HönnunarMars
- 2.5. DesignMatch á HönnunarMars
- 2.6. DesignTalks á HönnunarMars
- 2.7. HA – tímarit um hönnun og arkitektúr samkvæmt samningi við félögin
- 2.8. Hönnunarverðlaun Íslands
- 2.9. fagráðstefna tengd Hönnunarverðlaunum Íslands
- 2.10. SmallTalks fyrirlestraröð Hönnunarmiðstöðvar
- 2.11. Hönnunarsjóð á vegum stjórnvalda
- 2.12. Ýmis kynningarverkefni á Íslandi og erlendis
- 2.13. Ýmis sérverkefni sem koma upp á sviði hönnunar og arkitektúrs

3. Hönnunarmiðstöð Íslands mun

- 3.1. þróa sameiginlegan vef Hönnunarmiðstöðvar og félaganna, þar sem hvert félag mun eiga eigin gátt og upplýsingar og fréttir frá miðstöðinni birtast á öllum vefjum eftir samkomulagi auk þess sem þar verður aðgengilegur gagnagrunnur fyrir hönnuði og arkitekta
- 3.2. útvega aðstöðu fyrir stjórnar- og félagsfundi eftir þörfum.
- 3.3. útvega tímabundna skrifstofuaðstöðu fyrir sérverkefni
- 3.4. aðstoða eins og kostur er við frámkvæmd sérverkefna sem geta komið upp hjá félaginu

- 3.5. veita félagsmönnum sérkjör af þátttöku í HönnunarMars
- 3.6. bjóða félagsmönnum sérkjör af miða á DesignTalks á HönnunarMars
- 3.7. leitast við að búa til skírteini sem gefur hönnuðum og arkitektum margvíslegan afslátt
- 3.8. standa fyrir fræðslu og ýmsum uppákomum
- 3.9. vera með reglulega upplýsingagjöf, fréttabréf 2-4 í mánuði og fréttaveitau á heimasíðu
- 3.10. bjóða upp á þjónusta og ráðgjöf og aðgang að lögfræðipjónustu í gegn um Myndstef

4. Félagið

- 4.1. ber ábyrgð á starfsemi síns félags og faglegri umræðu.
- 4.2. ber ábyrgð á að uppfæra félagaskrár
- 4.3. veitir Hönnunarmiðstöð upplýsingar um mál sem brenna á félagsmönnum
- 4.4. tekur þátt í samstarfi um skipulagningu SmallTalks fyrirlestraraðar Hönnunarmiðstöðvar í Hörpu.
- 4.5. skipar fulltrúa faghópsins í dómnefndir, verkefni, nefndir, ráð og stjórnir.

5. Ábyrgð

- 5.1. Félög hönnuða og arkitekta eiga Hönnunarmiðstöð Íslands og bera ábyrgð á starfsemi hennar.

6. Fjármál

- 6.1. Félögin munu greiða Hönnunarmiðstöð 5.000 kr. fyrir hvern greiðandi félagsmann á ári.
- 6.2. Gjaldið verður innheimt tvisvar sinnum á ári 2.500 kr. 1. febrúar og 2.500 kr. 1. ágúst.

7. Gildistími samnings

- 7.1. Samningur þessi tekur gildi við undirritun.
- 7.2. Samningurinn er uppsegjanlegur með sex mánaða fyrirvara.

8. Framsal

- 8.1. Óheimilt er að framselja réttindi og skyldur samkvæmt samningi þessum, nema samþykki meirihluta félaganna og Hönnunarmiðstöðvar komi til.

Reykjavík, x. xxxx 2018

F.h. xx

F.h. Hönnunarmiðstöðvar Íslands kt. 460208-0170

Hlutafar í Hönnunarmiðstöð Íslands: Arkitektafélag Íslands | Fatahönnunarfélag Íslands | Félag húsgagna- og innanhússarkitekta | Félag íslenskra gullsmiða | Félag íslenskra landslagsarkitekta | Félag íslenskra teiknara | Félag vöru- og iðhönnuða | Leirlistafélag Íslands | Textifélagið.

VII. ORÐANEFND FÍLA

Skýrsla fyrir starfsárið 2018-2019

VIII. RITNEFNDARFULLTRÚAR FÍLA

Skýrsla fulltrúa FÍLA í ritstjórn tímaritsins Landskab, 2019.

Annemarie ritstjóri tímaritsins Landskab í 36 ár, hætti í lok febrúar 2019. Christina Capetillo arkitekt phd. MAA var ráðin í hennar stað og tók til starfa í febrúar. Fyrsta útgáfa hennar er Landskab nr. 2 2019.

Christina Capetillo er menntuð arkitekt frá Det Kongelige Danske Kunstakademi, Arkitektskolen (1995), en þaðan tók hún árið 2010 ph.d.-gráðu fyrir doktórsverkefnið 'Det sammensatte, samtidslandskabets fotografi.'

Christina Capetillo vann um árabíl sem arkitekt í Danmörku og Bandaríkjunum og þróaði með sér ljósmyndapraksís sem hefur hlotið viðurkenningu meðal annars hjá Statens Kunstfond sem veitti henni þriggja ára vinnustyrk og Eckersbergmedaljen í 2015.

Capetillo hefur kennt í landslagslist frá 1997 á Det Kongelige Danske Kunstakademi, Arkitektskolen i København og var á tímabilinu 2014-17 brautarstjóri á Kandidatprogrammet for landskabskunst ásamt prófessor Steen Høyer.

Christina Capetillo segir að tímaritið sem hún muni ritstjóra mun fjalla um hvernig landslagsarkitektúr lýsir hreyfingum í samfélaginu:

»Ég hef áhuga á landslagsarkitektúr því hann vinnur bæði með menningararfinn, hnattræna sjálfbærni og aðra atburði á stjórnmálalegu plani og hversdagslegu vandamálin eins og opinber rými og einkagarða og hefur þar að auki mikla listræna og kenningarlega hlið.«

Ritstjórnin framkvæmdi í vetur könnun meðal lesenda sem fyrsta skref í átt að breytingum tímaritsins. Spurt var meðal annars um skoðun lesenda á stafræna útgáfu, tungumál og innihald tímaritsins.

Námsferð var farin til Parísar 20.-23. september 2018. Markmiðið var að kynnast nýlegum landslagsarkitektúr og breytingum sem hafa átt sér stað undanfarin 30 ár. Að skynja og skoða strauma á sviði arkitektúrs í gördum og borgarrými. Sagt er frá níu stöðum í Landskab nr. 2.

Ulla Rolfsigne Pedersen

IX. GARÐSÖGUHÓPUR FÍLA



ÁRSSKÝRSLA GARÐSÖGUHÓPS FÍLA 2018 - 19.

Ársskýrslan spannar tíma allt til 23. apríl 2019 en þá skilaði hópurinn tilraunaútgáfu af greinargerðinni „Garðar, lifandi minjar“ til Minjastofnunar. Við köllum það tilraunaútgáfu því við höfum ekki tekið ákvörðun um hvort greinargerðin verði endanlega vefútgáfa eða prentútgáfa.

Allt starf hópsins veturinn 2018-19 hefur einkennst af frágangi greinargerðinni með niðurstöðum okkar. Lokatörnin hvíldi mest á herðum EES, Auðar og Ástu.

MÁLSTOFA UM „Garðar, lifandi minjar“ var fyrsta verkefni garðsöguhópsins eftir síðasta aðalfund FÍLA. Málstofna var samstarfs verkefni FÍLA og Minjastofnunar og sá garðsöguhópur FÍLA um allan undirbúning. Málstofan fór fram í Norræna húsinu 26. apríl 2018 og voru þátttakendur um allt að 80 manns.

Tilgangur málstofunnar var að kalla saman fleiri áhugasama til þess að koma að verkefninu. Meðal fyrirlesara á málstofunni voru tveir sérfræðingar frá Noregi. Annars vegar Mette Eggen sem vann stóran hluta starfsævinnar að verndun gamalla garða og mótaði það starf hjá Riksantikvaren í Noregi sem er hliðstæð stofnun Minjastofnunar Íslands. Hins vegar er svo Sara Waagen frá Umhverfiseild Bergen-bæjar. Hún mun segja frá endurgerð gamla bæjargarðsins í Bergen, Nygårdsparken, sem var upphaflega gerður árið 1885.“

DAGSKRÁ MÁLSTOFU GARÐAR – LIFANDI MINJAR

13.15–13.20 Setning málstofu

Fríða Björg Eðvarðsdóttir landslagsarkitekt og formaður FÍLA.

13.20–13.45 Garðar – lifandi minjar, skýrsla faghóps fíla um sögu garðlistar á aðferðum, verndarmati og skráningu gamalla garða (fyrstu drög)

Auður Sveinsdóttir og Ásta Camilla Gylfadóttir landslagsarkitektar FÍLA

13.45–14.25 CONSERVATION OF HISTORIC GARDENS – WHY, WHAT AND HOW?

Fyrirlestur og umræður

Metten Eggen norskur landslagsarkitekt og sérfræðingur um varðveislu gamalla garða.

14.30–14.40 Garðar Reykjavíkurborgar

Þórólfur Jónsson Landslagsarkitekt FÍLA, Deildarstjóri náttúru og garða.

15.00–15.10 Múlakot í Fljótshlíð

Sigríður Hjartar lyfjafræðingur og bs í sagnfræði.

15.10–15.20 Skráður í Dýrafirði

Brynjólfur Jónsson skógræðingur.

15.20–16.00 CASE NYGÅRDSPARKEN – INPUT FROM BERGEN MUNICIPALITY, DEP. OF URBAN ENVIROMENT.

Fyrirlestur og umræður.

Sara Waagen norskur landslagsarkitekt við Bymiljøetaten í Bergen.

16.05–16.15 Garðar á Akureyri

Tryggvi Marinósson garðyrkjufræðingur

16.15–16.25 Hellisgerði í Hafnarfirði

Magnea Þóra Guðmundsdóttir arkitekt

16.25–16.50 Tilnefndir garðar til friðlýsingar

Pétur Ármannsson arkitekt hjá Minjastofnun Íslands

16.50–17.00 Samtekt og málstofuslit

Agnes Stefánsdóttir fornleifafræðingur og sviðsstjóri hjá Minjastofnun Íslands

Erlendu fyrirlesararnir voru með mjög góða kynningu fyrir fagfólk. Mettae Eggen er reyndasti sérfræðingur í vernd gamalla garða í Noregi. Setti verndarstarfið í mikilvægt alþjóðlegt samhengi.

Sara Waagen er ungur landslagsarkitekt starfsmaður hjá Bergen og kynnti vinnu við skráningu garðsins og undirbúning endurgerða gamla bæjargarðsins í Bergen og framkvæmd.

Helstu skilaboð sem lesa mátti úr máli íslensku fyrirlesaranna er að þeir hafa áhyggjur af því að ekki sé fyrir hendi opinbert fjármagn til þess að vinna að verndun gamalla garða. Þetta á sérstaklega við þegar um er að ræða garða í

einkaeigu. Það kann að virðist gegna öðru máli um garða í umsjá sveitarfélaga, en þá er það á ábyrgð sveitarfélagsins – þeim er þá í sjálfsvald sett að leggja til fé. Friðlýsing garða er nýmæli á Íslandi og lítil reynsla komin á það hvernig fjármálum til verndar verður best háttað. Þá mátti lesa úr erindunum er skráning og undirbúningur eru ómarkviss. Fæstir merkra garða eru komnir í friðlýsingarferli og því er mikilvægt að vel takist til við mótun leiðbeininga og skráningarblaða fyrir sveitarfélög og einstaklinga, þannig að hægt sé að ganga til verks á faglegan og skipulegan hátt. Þriðja atriðið sem segja má að málstofan hafi varpað á skýru ljósi **ER AÐ GARÐAR SKIPTA MÁLI Í BYGGÐARLAGI SÍNU OG FYRIR ALLA LANDSMENN – SUMIR Á HEIMSVÍSU.** Garðar segja mikilvæga menningarsögu og gegna merkilegu hlutverki fyrir samfélagið.

GARÐAR – LIFANDI MINJAR

Eftir málstofuna kom pásá í frágang greinargerðar en með haustinu hefur vinna staðið yfir til að ljúka verkinu. Við vorum komin fram yfir lokaskiladag, en við höfum notið skilnings yfirmanna Minjastofnunar.

Nú liggur skýrslan fyrir „Garðar – lifandi minjar. Aðferðir við verndarmat og skráningu gamalla garða.“ Niðurstöður garðsöguhóps FÍLA – apríl 2019. Lokasprettinn vegna skýrslunnar var á höndum Auðar, Einars og Ástu Camillu.

NIÐURSTÖÐUR Þrjú atriði eru megin niðurstöður.

- 1. Breyting á lögum** Lagarammi um minjavernd er góður varðandi það að tryggja friðlýsingu og friða garða sem heild og sem staðar með lögum um menningarminjar nr 80/2012. Texti eða útskýring í lögum um menningarminjar þarf að vera skýrari og ákveðnari varðandi garða – einkum þar sem fjallað er um skrudgarð sem fornminjar en ekki sem byggingararf, heldur lýst sem umhverfi mannvirkja. Umhverfi mannvirkja/bygginga er í flestum tilfellum garður.
- 2. Friðun trjáa og garðagróðurs.** Það er ein af niðurstöðum vinnu okkar að verndun stakra trjáa eða sérstaks gróðurs í görðum er hvergi getið í lögum og má því segja að verndarhæf tré og trjálundir séu því algjörlega „réttlaus“ og oft á valdi skammtímahugsunar. Eftir ítarlega skoðun er það niðurstaða hópsins að leggja til að bætt verði í minjaverndarlög grein sem tæki til trjáverndar af menningar- og ræktunarsögulegum ástæðum.
- 3. Fjármögnun endurgerðar og viðhalds.** Frá málstofu 26.apríl kom skýr skilaboð um skort á fjármögnunarleiðum vantar fyrir garða. Garðsöguhópurinn tekur undir þær ábendingar og væntir þess að það verði skoðað í samhengi við endurskoðun laganna.

KYNNING. Næstu skref. Stutt kynning á skýrslunni verður á aðalfundi FÍLA 2. maí nk. og síðar verður málið á dagskrá á kynningarfundum hjá Fíla. Eins er búið að leggja drög að kynningu á efninu fyrir SAMGUS og starfsmannafund minjavarða hjá Minjastofnun með haustinu.

Það er von Garðsöguhópsins að umræða um þessi mál veki upp áhuga og ábyrgð fagaðila og minjaverndaraðila á þessu mikilvæga máli.

Styrkurinn úr fornminjasjóði hefur dugað fyrir útlögðum kostnaði við málstofu og fyrirlesara og ýmis útgjöld við lokafrágang greinargerðar. Uppgjör liggur ekki fyrir með reikningum FÍLA í ár, en verður kynnt á næsta aðalfundi. Bókhald hefur gjaldkeri FÍLA annast en styrkurinn hefur verið aðskilinn frá félagsbókhaldi FÍLA.

LOKAORÐ

Eftirfarandi lokaorð síðustu samantektar standa með smá uppfærslu og geta leitt inn í framtíðar verkefni garðsöguhópsins. „Það hefur komið í ljós í þessari vinnu að nóg er að verkefnum sem taka má fyrir og skoða. Stórt verkefni sem er mikilvægt innlegg í framtíðar vinnu við friðlýsingar gamalla garða er að baki. Fyrirsjáanleg eru ýmis framhalds verkefni s.s.að þróa og rannsaka bestur leiðum til að endurgera gamla garða bæði hugmyndafræði sem og framkvæmd og verktækni.“

F.h. garðsöguhóps FÍLA ees

X. SIÐANEFND FÍLA

Skýrsla fyrir starfsárið 2018-2019

Engin mál komu til umfjöllunar hjá siðanefnd á starfsárinu.

XI. 40 ÁRA AFMÆLISNEFND FÍLA


Félag íslenskra landslagsarkitekta



Skýrsla afmælisnefndar fyrir aðalfund 2. maí 2019

Nefndin var skipuð vorið 2017 og tók strax til starfa við undirbúning og skipulagningu komandi afmælisárs. Nefndina skipuðu: Þórólfur Jónsson, Þuríður Ragna Stefánsdóttir, Jóhann Sindri Pétursson, Jón Rafnar Benjamínsson ásamt Sif Hjaltdal Pálsdóttur sem skipaður var formaður. Dagskránefnd FÍLA hefur starfað með afmælisnefndinni. Auk þess var Lilja Kristín Ólafsdóttir fengin í sérverkefni við útgáfu afmælisrits.

Afmælisnefnd vann áfram sína vinnu fram til ársloka 2018.



Afmælisbörn dagsins hjá FÍLA

Í tilefni afmælisins langaði okkur að fá að kynnst félagsmönnum örlítið betur. Við útbjuggum einn laufléttan spurningapakka fyrir félagsmenn sem birtust, ásamt ljósmynd af viðkomandi, á heimasíðu FÍLA (og facebook) á afmælisdegi þeirra sem völdu að taka þátt.

Alls tóku 54 félagsmenn þátt í þessum léttu afmælisgjörning.



Kæru félagar FÍLA.

Takk fyrir árið, þið eruð frábær. Gleðilegt nýtt ár. Kveðja 40áraAfmælisnefnd FÍLA



Jólakeðja frá Jóni Rafnari og Sif sem sáu um þennan gjörning. Hér má sjá þá 54 félagsmenn sem tóku þátt.

Afmælisblað – Árbók FÍLA 2018

Ritnefnd afmælisnefndar FÍLA sá um útgáfu Árbókar FÍLA 2018. Ritnefndina skipa Þuríður Ragna Stefánsdóttir, Jóhann Sindri Pétursson, Lilja Kristín Ólafsdóttir og Sif Hjaltdal Pálsdóttir. Um er að ræða 120 blaðsíðna rit þar sem m.a. eru kynnt verk sem íslenskir landslagsarkitekta hafa unnið á síðastliðnum 5 – 10 árum, lokaverkefni þriggja nemenda, spjall við landslagsarkitekta og litið yfir sögu FÍLA.

Árbókinni var dreift á alla félagsmenn, nemendur í félaginu, teiknistofur landslagsarkitekta, styrktaraðila (þau fyrirtæki sem auglýstu í blaðinu), öll sveitarfélög landsins, ráðuneyti og bókasöfn landsins svo einhver séu nefnd. Enn eru til nokkur eintök sem stjórn FÍLA hefur til umráða.

Vinna við árbókina byrjaði snemma sumarið 2017 og stóð fram yfir útgáfuteitið þann 9. nóvember 2018. Félagsmenn voru kvattir til að mynda þau verk sín sem þeir óskuðu eftir að birta í Árbókinni. Ritnefndin fékk sér afnot af netfangi hjá FÍLA sem var mjög hentugt og fóru öll samskipti út á við varðandi árbókina í gegnum það. Snemma voru skoðuð tilboð í prentun Árbókarinnar og haft var samband við mögulega styrktaraðila/auglýsingar sem skiluðu sér vel og kom Árbókin út í hagnaði.

Ritnefnd útbjó ítarlegar leiðbeiningar eða samantekt um allt ferlið og setti á minniskubb ásamt allri árbókinni og öllu sem henni viðkom. Þennan pakka afhenti ritnefndin svo stjórn FÍLA í útgáfuteiti Árbókarinnar sem haldið var hátíðlega á Restaurant Reykjavík.



Það var góður fílingur í ritnefnd!



Frá útgáfuteiti Árbókar FÍLA 2018, 9. nóvember 2108.

Fyrir hönd afmælisnefndar og ritnefndar FÍLA 2018,

Sif Hjaltdal Pálsdóttir

XII. FUNDARGERÐ FULLTRÚARÁÐSFUNDAR FÍLA

Fulltrúaráðsfundur FÍLA 12. september 2018

Fundur haldinn með fulltrúum nefnda FÍLA. Fundur hófst kl. 18:00. Boðið var upp á léttar veitingar og drykki.

Mættir voru:

Úr stjórn – Fríða B. Eðvarðsdóttir, formaður (FBE), Svava Þorleifsdóttir (SP) og Þuríður Ragna Stefánsdóttir, ritari (PRS)

Laganefnd – enginn

Menntanefnd – Sigurbjörg Ósk Áskelsdóttir (SÓA)

Samkeppnisnefnd – enginn

Afmælisnefnd – Sif Hjaldal Pálsdóttir (SHP)

Dagskrárnefnd – Marta María Jónsdóttir (MMJ) og Stefán Jónsson (SJ)

DAGSKRÁ

1. YFIRFARA VERKEFNI NEFNDA

- **Laganefnd**

- *Lagabreytingar v/árgjalda og meðlimaaðild, eftir aðalfund*

Tillaga barst frá SÓA um að skipa ætti formenn nefnda á aðalfundi. Til þess að það sé hægt þá þarf að breyta lögum.

Á síðasta aðalfundi var hafnað að breyta nemendaaðild og þarf því laganefnd að koma með tillögu að breytingu sem yrði tekin fyrir á næsta aðalfundi.

- **Menntanefnd**

- *Umsögn FÍLA varðandi LBHÍ sem sækir um viðurkennt nám í landslagsarkitektúr*

Fríða Björg sagði frá því að LBHÍ á Hvanneyri ætli að sækja um að umhverfisskipulagsfræðin þar verði viðurkennt af IFLA Europe sem BSc nám. Félagið þarf að vera hvetjandi en meðvitað um kröfur til námsefnis og gæði kennslu. Stjórn FÍLA fundaði með Helenu Guttormsdóttur frá LBHÍ í september. Þegar umsókn frá LBHÍ til IFLA Europe er til, þá mun FÍLA vera umsagnaraðili.

- *Skoða styrki til nemenda, hvernig er það kynnt og haldið utan um*

Fram kom á fundinum að fá einhverja nýútskrifaða ásamt reyndum landslagsarkitekt að kynna landslagsarkitektafagið fyrir nemendum. Haustkynning verður hjá LBHÍ á Hvanneyri seinni partinn í nóvemberr og þá er gott ef einhver frá okkur gæti komið og verið með kynningu.

Menntanefnd taki að sér að skoða og kynna námið fyrir nemendum. Einnig að bjóða upp á að FÍLA styrki efnilegan mastersnemanda í framhaldsnámi.

- *Samstarf við Hvanneyri – endurmenntun*

- **Samkeppnisnefnd**

- *Verkefni í mótun / nýjar samkeppnir*

Í gangi er samkeppni um Stjórnarráðsreitinn. Einnig er í vinnslu fornval vegna skipulags og hönnunar útsýnisstaðar á Bolafjalli í Bolungarvíkurkaupstað.

Beina því til samkeppnisnefndar að þau athugi hvort þau sem eru á dómnefndar-lista, þ.e. að spyrja þyrfti þau um hvort þau vilji vera áfram á listanum.

Hlín sendi aftur lista til allra byggingar- og skipulagsfulltrúa sveitarfélaga til að kynna félagið og hvað það getur boðið upp á.

- *Samkeppni í vinnslu / gegnumgangur*

- **Afmælisnefnd**

- *Árbókin og útgáfa*

Allt er á fullu hjá afmælisnefnd varðandi árbókarinnar. Sif kynnti hvað nefndin er að gera varðandi árbókarmálið.

Nokkrir fundarmanna skoðuðu lista sem Sif var með yfir hugsanlega auglýsendur í blaðið og fylltu út. Ritnefndin vill fá Guðrúnu Birnu gjaldkera í að aðstoða við að innheimta auglýsingagjöld.

Stefnt er að því að þann 2. nóvember n.k. verði útgáfuteiti blaðsins og er það sama dag og norræni stjórnarfundurinn verður haldinn.

Sif sagði að ritnefnd vildi fá einhverja aðila sem ekki vinna á stofum heldur hjá ríki eða sveitarfélagi, til að skrifa um það hvað þau eru að gera, hugmyndir eru að fá t.d. Samson, Helga, Sigurður Friðgeir eða Þórólfur. Einnig að koma ætti eitthvað fram um heiðursfélagana að þau myndu t.d. segja frá sínu uppáhaldsverki.

- **Dagskrárnefnd**

- *Fundir ársins _ 11. október – almennur félagsfundur, 11. desember – jólafundur*

Þann 11. október er áætlað að hafa almennan félagsfund og jólafund 11. desember.

Málin sett í hendur dagskrárnefndar um að halda utan um þessa félagsfundi.

- *Útgáfuhóf ársbókar - 2. nóvember*

Þann 2. nóvember verður útgáfuteiti og norrænn stjórnarfundur. Stjórnarfundurinn verður haldinn frá kl. 9-16 og útgáfuteitið yrði t.d. frá kl. 17-19. Við getum fengið að vera í húsi Hönnunarmiðstöðvar. Hönnunarmiðstöðin stefnir í að vera með útnefningar þennan sama dag en það verður sennilega haldið í Veröld - Húsi Vigdísar.

Á laugardeginum 3. nóvember verður farin skoðunarferð með þá sem mæta á stjórnarfundinn og er stefnt á fara um höfuðborgarsvæðið. Ekki er ennþá komið neitt þema fyrir fundarmálefni. Við óskum eftir því að Reykjavíkurborg verði gestgjafi í hádegismat og bjóði upp á hann.

Dagskrárnefnd stó ekki fyrir neinum viðburði eftir áramót.

- **Siðanefnd**

Engin mætti frá siðanefnd og ekkert var fjallað um þau málefni.

2. ÖNNUR MÁL

Fríða Björg sagði frá stefnumótunarfundinum sem haldinn var í fyrra. Þar var hópnum sem mætti skipt upp í fjóra hópa og voru 8 málefni tekin fyrir. Það sem kom fram á þeim fundi var sent til félagsmanna.

Faghópar: Það vantar einhvern vettvang þar sem faglegri þekkingu er deilt, eins og t.d. blágrænar ofanvatnslausnir. Hægt væri að styrkja innra starf félagsins með því t.d. að vera með einhverja faghópa sem væru með samvinnu sín á milli um þessi faglegu málefni.

- **Kynning á félaginu**

- *Haustfundur á Hvanneyri – kynning á félaginu og framhaldsnám í landslagsarkitektúr*

Sjá nánar í liðunum um menntanefnd.

- **Samráð við Landgræðsluna**

- *Ráðgjöf / fagråd vegna landgræðsluverkefna*

Mikilvægt að það sé samvinna á við t.d. Landgræðsluna og Umhverfisstofnun t.d. um uppbyggingu ferðamálastaða.

- **Samráðsfundur með arkitektum**

- *Koma á föstum fundum með arkitektum*

Þarf að koma á samvinnu við t.d. arkitektafélagið. Stefnt er að fundi með AÍ.

- **Kynning landslagsarkitekta v/hönnunarmars**

Marta María kom fram með hugmynd um að nemendur við LBHÍ kæmu að hönnunarmars, þar væri hægt að fá áhugasama einstaklinga sem væru til í að leggja sig fram við að koma fram með einhver verkefni.

Það þarf að byrja snemma að afla styrkja og að koma með hugmyndir að einhverju sem hægt væri að gera á hönnunarmars. Þarf að reyna að virkja fleiri til að vera með í hönnunarmars.

Fundi var slitið rétt eftir klukkan 20.

XIII REGLUR VARÐANDI LÖGGILDINGU, GREINARGERÐ FÍLA

REGLUR **um mat á umsóknum um leyfi til að kalla sig landslagsarkitekt**

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið og Félag íslenskra landslagsarkitekta (FÍLA) hafa komið sér saman um að miða við eftirfarandi reglur við mat á umsóknum um leyfi til að kalla sig landslagsarkitekt¹, sbr. 1.-3. gr. laga nr. 8/1996, um löggildingu nokkurra starfsheita sérfræðinga í tækni- og hönnunargreinum, með síðari breytingum.

1. gr.

Sækja skal um leyfi til að kalla sig landslagsarkitekt til ráðuneytisins. Ráðuneytið sendir umsóknir um leyfi til að kalla sig landslagsarkitekt til umsagnar FÍLA.

Umsækjandi skal leggja fram staðfest yfirlit yfir námsferil (einkunnir) og frumrit af prófskírteinum, eða staðfest ljósrit frá viðkomandi skóla. FÍLA áskilur sér rétt til að óska eftir frekari gögnum til staðfestingar á menntun umsækjanda, sbr. 4. gr. hér að neðan. Sönnunarbyrði þar að lútandi hvílir á umsækjanda.

2. gr.

Stjórn FÍLA fjallar um allar umsóknir sem félaginu berast og sendir ráðuneytinu umsögn sína. Stjórnin skal leitast við að svara erindum frá ráðuneytinu eigi síðar en tveimur mánuðum eftir að erindi, ásamt fullnægjandi fylgigögnum, berast. Séu fylgigögn ófullnægjandi skal FÍLA upplýsa ráðuneytið um að umsókn sé ábótavant innan þriggja vikna og greina frá hvaða gögn vanti.

3. gr.

Stjórn FÍLA leggur hlutlaust mat á umsóknir sem henni berast og heldur trúnaði um gögn umsækjanda. Mat stjórnar byggist á kröfum félagsins til menntunar umsækjanda samkvæmt 4. gr. Stjórnin leitar umsagnar menntanefndar FÍLA þegar um vafatriði er að ræða.

4.gr.

Stjórn félagsins byggir mat sitt á eftirfarandi kröfum til menntunar umsækjenda:

Prófgráðu skal lokið við háskóla sem býður upp á nám í landslagsarkitektúr sem er viðurkennt af alþjóðasamtökum landslagsarkitekta (IFLA) eða landsamtökum landslagsarkitekta í viðkomandi landi sem eru aðilar að IFLA. Prófgráðan skal að námslengd og samsetningu vera sambærileg meistaráprófi í landslagsarkitektúr og fullnægja eftirfarandi lágmarkskröfum:

- a) Undirstöðugreinar í landslagsarkitektúr samsvari minnst 180 ECTS stigum (BA/BS námgráða).
- b) Meistarapróf í landslagsarkitektúr samsvari minnst 120 ECTS stigum (MA/MSc námsgráða).

Heildarlengd námsins skal að jafnaði vera 5 ár, eða sem samsvarar 300 ECTS stigum.

¹ (landslagshönnuður)

Félagið viðurkennir sjálfkrafa prófgráður frá háskólum sem eru viðurkenndir af IFLA Europe og sem lýkur með fullnaðarprófgráðu í viðurkenndu námi í landslagsarkitektúr. Ef umsækjandi hefur lokið námi utan Evrópu miðar FÍLA við reglur IFLA World við mat á umsóknum.

Félagið mun leggja sérstakt mat á nám við háskóla sem ekki hafa hlotið viðurkenningu ofangreindra samtaka og mun hafa til hliðsjónar reglur IFLA Europe og Bologna samþykktar frá 1999 um samhæfingu náms.

Í þeim tilfellum sem nemandi flyst á milli skólastofnana á námsferlinum þá gildir lokapróf til fullnaðarnáms frá skóla, sem viðurkenndur hefur verið af lögbærum stjórnvöldum.

5. gr.

Stjórn FÍLA tilkynnir ráðuneytinu um afgreiðslu einstakra umsókna.

Ef umsækjandi uppfyllir skilyrði í 4. gr. skal stjórnin mæla með því við ráðuneytið að umsækjandi fái leyfi ráðherra til að kalla sig landslagsarkitekt.

Ef umsögn stjórnar er neikvæð og umsækjandi telst ekki uppfylla skilyrði í 4. gr., ber stjórn félagsins að mæla gegn því að umsækjandi fái leyfi ráðherra til að kalla sig landslagsarkitekt. Stjórn FÍLA skal rökstyðja þá niðurstöðu.

6. gr.

Reglur þessar eru settar á grundvelli 3. gr. laga nr. 8/1996, um löggildingu nokkurra starfsheita sérfræðinga í tækni- og hönnunargreinum og öðlast gildi við birtingu í Stjórnartíðindum.

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, [dagsetning].

F. h. r.

Valgerður Rún Benediktsdóttir.

Hreinn Hrafnkelsson.



Greinargerð

Námsmenn í Félagi íslenskra landslagsarkitekta

Félagar með námsmannaaðild í **Félagi íslenskra landslagsarkitekta** FÍLA eru skráðir samtals 11. Þar af gengu þrír til liðs við félagið á árinu. Tveir skrifuðu félaginu og lýst yfir breyttri stöðu og námslokum og að þeir væru ekki á leið í framhaldsnám og óskuðu eftir að vera teknir af félagalista. Til að gera grein fyrir stöðu félagsmanna með námsmannaaðild var leitað til Helenu Guttormsdóttur brautarstjóra á Hvanneyri og byggir samantekt að mestu á hennar svörum.

Samantekt

Fjórir félagar með námsmannaaðild eru við nám á Hvanneyri við umhverfisbraut,

þrír eru í mastersnámi, einn í landslagsarkitektúr og tveir í skipulagsfræði.

Fjórir eru virkir í starfi og vinna ýmist í faginu eða að öðrum störfum, en hafa ekki verið samkvæmt okkar heimildum í virku námi á undanförunum árum.

Námsmannaaðild- ákvæði í núverandi lögum

Á aðalfundi FÍLA þann 17. apríl 2018 var tekin til atkvæðagreiðslu tillaga að breytingu um námsmannaaðild.

Núverandi lagagrein

4.gr. Nemar í landslagsarkitektúr geta sótt um námsmannaaðild stundi þeir nám við menntastofnanir sem félagið viðurkennir, sbr. 3.gr. Námsmannaaðild veitir hvorki rétt til setu í stjórn eða nefndum félagsins.

4.gr. Tillaga lögð frá á aðalfundi 2018

Nemar í landslagsarkitektúr geta sótt um námsmannaaðild stundi þeir nám við menntastofnanir sem félagið viðurkennir, sbr. 3.gr.

Hámarkstími námsmannaaðildar er 7 ár frá upphafi námsins. Senda skal inn skriflega beiðni með rökstuðningi til stjórnar félagsins óski nemandi eftir lengri námsmannaaðild.

Námsmannaaðild veitir hvorki rétt til setu í stjórn eða nefndum félagsins.

Umfjöllun laganeftar og stjórnar frá fundi 5.mars 2019

Laganeftar hefur tekið málið til endurskoðunar og gefið stjórn álit.

Varðandi námsmannaaðildina segir í 4. gr. að þeir sem stunda nám við menntastofnanir sem félagið viðurkennir, o.s.frv., geti fengið námsmannaaðild.

Það er álit laganeftar að það liggja í orðunum að þú getur ekki verið með námsmannaaðild nema vera námsmaður. Þegar þú hefur lokið námi eftir BA og ferð að vinna þá ertu hvorki námsmaður né landslagsarkitekt og hefur því hvorki rétt á námsmannaaðild né fullri aðild. Stjórnin getur því fylgt því eftir hverju sinni og hætt að senda greiðsluseðla á þessa aðila og þar með detta þeir úr félaginu. Það er álit laganeftar að það sé vafasamt að fara að setja einhver tímamörk í lögin, það er alveg jafn erfitt að fylgja því eftir þannig.

Það er álit laganeftar að lögin séu skýr, en kannski ætti stjórn að búa til verklagsreglur í kringum þetta, t.d. að fá staðfestingu frá öllum sem eru með námsmannaaðild, árlega. Um leið og sú staðfesting fæst ekki og ekki er sótt um fulla aðild, þá detta menn út.

Niðurstaða

Tillaga laganeftar sem stjórn FÍLA tekur undir er að greinin sé skýr og ekki beri að breyta ákvæðum varðandi námsmannaaðild.

Reykjavík 2. apríl 2019
Fríða Björg Eðvarðsdóttir
formaður Félags íslenskra landslagsarkitekta